

Mánudaginn 26. nóvember 1990.

Nr. 264/1990. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Gunnari Þór Árnasyni

(Örn Clausen hrl.).

Ómerking. Heimvísun. Meðdómendur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Benedikt Blöndal og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. september 1989, aðallega til ómerkingar og heimvísunar og dómsálagningar að nýju, en til vara til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar á refsingu. Ákærði óskaði ekki áfrýjunar.

Fyrir Hæstarétti hefur málið verið flutt um formhlið eingöngu, sbr. 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Verjandi ákærða hafði ekki uppi frávísunarkröfu í héraði. Við munnlegan flutning fyrir Hæstarétti krafðist hann þess, að málinu í heild yrði vísað frá héraðsdómi. Eins og málið liggur fyrir, eru ekki efni til að taka þessa kröfu til greina.

Er ákærði kom fyrir sakadóm, kvað hann áætlun ríkisskattstjóra á söluskattsskyldri veltu fyrirtækis síns of háa og sömuleiðis of hátt áætlað það sölugjald, er hann hefði komist hjá að greiða. Í skýrslu hans hjá rannsóknarlögreglu kemur fram það álit hans, að „aðeins óverulegur þáttur“ starfseminnar hafi verið söluskattsskyldur. Sakadómari rannsakaði þetta ekki frekar. Þá var ákærði ekki inntur eftir því fyrir dómi, hvaða bókhaldsbækur hann hefði haldið og hvar þær væru. Hjá rannsóknarlögreglu kvaðst hann hafa afhent starfsmönnum rannsóknardeildar ríkisskattstjóra þá rekstrar- og efnahagsreikninga, sem hann samdi fyrir árin 1984 og 1985. Sakadómara var rétt að kanna réttmæti þessarar fullyrðingar.

Mál þetta er svo vaxið, að héraðsdómari hefði átt að dæma það ásamt sérfróðum samdómendum, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 1. gr. laga nr. 27/1985, enda ber dómara að rannsaka og meta sjálfstætt sakaratriði, þótt

skattstjórnvöld hafi áður þar um fjallað, sbr. 1. mgr. 75. gr. og 110. gr. laga nr. 74/1974.

Samkvæmt þessu verður ekki hjá því komist að fella hinn áfrýj-
aða dóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til frekari dómsrann-
sóknar og uppsögu dóms að nýju.

Kostnað af áfrýjun málsins skal greiða úr ríkissjóði eins og nánar
greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi, og er málinu vísað
heim í hérað til frekari dómsrannsóknar og uppsögu dóms að
nýju.

Kostnaður af áfrýjun sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með
talin laun skipaðs verjanda ákærða, Arnar Clausen hæstaréttar-
lögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. júlí 1989.

Ár 1989, fimmtudaginn 6. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur,
sem haldið er í Borgartúni 7 af Guðjóni St. Marteinsyni sakadómará,
kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 312/1989: Ákærvaldið gegn
Gunnari Þór Árnasyni, en málið var dómtekið þann 23. júní sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 16. febrúar 1989, á hendur
Gunnari Þór Árnasyni, Hraunbæ 102 B, Reykjavík, fæddum þar í borg
17. apríl 1955, fyrir eftirfarandi meint brot á lögum um söluskatt, lögum
um bókhald og almennum hegningarlögum, svo sem hér greinir:

D ó m s o r ð:

Ákærði, Gunnar Þór Árnason, sæti fangelsi í 3 mánuði, en fresta
skal fullnustu fangelsisrefsingarinnar í 2 ár frá uppkvaðningu dóms
þessa og hún falla niður að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt
skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga
nr. 55, 1922.

Ákærði greiði kr. 900.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi fangelsi í
3 mánuði í sektar stað, verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna
frá birtingu dóms þessa að telja.

Sakarefni í ákærulið II er vísað frá dómi ex officio.

Ákærði greiði helming málskostnaðar á móti ríkissjóði, þ.m.t. helm-
ing kr. 25.000 í málsvarnarlaun til Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns.